

EFNISTAKA ÚR UNDIRHLÍÐUM

Svör við umsögnum og
athugasemdum við matsskýrslu

Desember 2025



24128https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint_30/Project2708/Documents/Matsskýrsla/Umsagnir/MÁU_Undirhlíðar-Svör við umsögnum - Matskýrsla.docx

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1		EBA/JAJ	BS/JBW	EBA

Unnið af:

VSÓ Ráðgjöf

Borgartúni 20, 105 Reykjavík

www.vso.is**Unnið fyrir:**Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður



Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Listi yfir umsagnir og athugasemdir	1
3	Umsagnir og viðbrögð framkvæmdaaðila	2

1 Inngangur

Áformað er að hefja að nýju efnistöku úr Undirhlíðum í Hafnarfirði, sunnan Bláfjallavegar (Leiðarendavegar). Kynningartími umhverfismatsskýrslu var frá 25.september til 6. nóvember 2025. Alls bárust 6 umsagnir frá lögboðnum umsagnaraðilum. Hér er gerð grein fyrir umsögnum sem bárust og viðbrögðum framkvæmdaaðila við þeim. Umsagnir eru flokkaðar eftir umsagnaraðilum. Í einhverjum tilvikum hafa umsagnir verið umorðaðar eða stokkaðar upp til að draga saman helstu atriðin. Hægt er að sjá umsagnirnar í heild sinni inni á Skipulagsgátt.

Hafnarfjarðarbær þakkar öllum fyrir innsendar umsagnir og athugasemdir.

2 Listi yfir umsagnir og athugasemdir

Lögboðnir umsagnaraðilar	Dags. umsagnar
Hafnarfjarðarbær	30.10.2025
Náttúrufræðistofnun Íslands	6.11.2025
Náttúruverndarstofnun	6.11.2025
Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.	11.11.2025
Vegagerðin	17.11.2025
Minjastofnun	19.11.2025


3 Umsagnir og viðbrögð framkvæmdaaðila

Umsagnaraðili	Athugasemd	Viðbrögð
Hafnafjarðarbær	Það er mat Hafnafjarðarbæjar að það mat á umhverfisáhrifum, sem unnið er af VSÓ Ráðgjöf og er nú í auglýsingu, sé ítarlegt og gefi góða mynd af mögulegum umhverfisáhrifum þessara framkvæmda og geri nægjanlega vel grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun.	Umsögn krefst ekki viðbragða
Náttúrufræðistofnun	Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsskýrsluna og telur að hún sá ágætlega unnin og að í henni komi fram áhrif framkvæmdanna á jarðminjar, lífríki ásynd og landslag.	Umsögn krefst ekki viðbragða
Náttúrufræðistofnun	Náttúrufræðistofnun bendir á að æðplöntutegundin blátoppa (<i>Sesleria albicans</i>), sem er á valista í verndarflokki VU (tegund í nokkurri hættu), vex í námunda við úttekarsvæðið en hún fannst ekki á svæðinu í úttektinni 2024. Framkvæmdir víða á höfuðborgarsvæðinu og upplöndum þess ógna útbreiðslu tegundarinnar og efnistakan skerðir möguleika hennar til að dreifa sér inn á svæðið.	Efnistökusvæðið er ekki mikið að flatarmáli og getur varla talist alvarlega takmarkandi fyrir útbreiðslu æðplantna þar sem svipað búsvæði má finna víða í kring og í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis. Einnig má benda á að lúpína er þegar í mikilli útrás á svæðinu, sem dregur úr gildi svæðisins fyrir blátoppu, óháð efnistöku.
Náttúrufræðistofnun	Ekki er rétt að efnistakan fari fram á svæði sem þegar hefur verið raskað (bls. 21) en efnistakan er fyrirhuguð á öröskuðu svæði sem liggur að eldra efnistökusvæði. Skúlatúnshraun, nútímahraun sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013) er rétt við námusvæðið og er mikilvægt að því verði ekki raskað vegna efnistökkunnar eða flutnings Leiðarendavegar (Bláfjallavegar).	Rétt er að sjálft yfirborð fyrirhugaðs efnistökusvæðis hefur ekki verið raskað, heldur er átt við í matskýrslu að efnistökusvæði liggur að aflagðri námu og því áætluð umhverfisáhrif, líkt og á ásynd, minni en á nýju svæði sem er óraskað á stærri skala. Efnistaka mun ekki ná inná Skúlatúnshraun.
Náttúruverndarstofnun	Náttúruverndarstofnun gerir athugasemdir við það að athuganir á fuglalífi hafi ekki farið fram á varptíma til að meta varppéttleika á svæðinu.	Fuglalíf hefur lítið breyst á svæðinu miðað við athugun 1999 og þrátt fyrir að áætlaður varpþíldi hafi ekki verið metinn á svæðinu gefur talning í júlí ágæta mynd af fjölda fugla og þeim tegundum sem nýta svæðið að staðaldri.
Náttúruverndarstofnun	Náttúruverndarstofnun bendir á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur fram að við hönnun mannvirkja, svo sem vega, virkjana og annarra framkvæmda, skuli þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna skal tekið afstöðu til þessa atriðis. Sérstaklega er mikilvægt að huga að huga að vali á staðsetningu og legu mannvirkja, útfærslu í stærð og formi, frágangi að loknum framkvæmdum	Frágangur efnistökusvæða felur í sér að svæðið verði hreinsað, mótað og grætt upp að lokinni vinnslu með svipuðum tegundum og eru á svæðinu. Áhrif á ásynd séu aðalega staðbundin, en þó talsvert neikvæð vegna þess að þau séu óafturkræf. Þeir áfangastaðir sem hafa hvað mest aðdráttarafl á svæðinu eru hellirinn Leiðarendi, Helgafell og Aurora


	og litavali sem lykilþætti í aðlögun mannvirkja að umhverfi sínu. Auk þess er mikilvægt að mannvirki samrýmist jarðmyndunum, gróðri og ásýnd svæðisins. Náttúruverndarstofnun bendir á að í næsta nágrenni við námusvæðið eru vinsæl útivistarsvæði og áningarstaðir. Ekki kemur fram hvort breytingar á ásýnd svæðisins muni verða sýnilegar frá þeim á framkvæmdartíma. Aðeins er fjallað um ásýnd næst fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Náttúruverndarstofnun bendir á að þar sem námustálið er bratt á fyrirhuguðu efnistökusvæði er nauðsynlegt að frágangur fari fram samhliða efnistöku.	Basecamp. Lítið sést til námunar við bílastæðið að Leiðarenda, en gestir hellisins sjá vissulega efnistökusvæðið á leiðinni er þeir keyra Leiðarendaveg. Ofan af Helgafelli sést mjög víða, og meðal annars að fyrirhuguðu efnistökusvæði, en það er þó í talsverðri fjarlægð (2,7 km). Um 2,8 km eru frá byggingum fyrirtækisins Aurora Basecamp, þar sem það býður upp á norðurljósaupplifun. Frá fyrirtækinu sést í fjarska í gömlu námuna og fyrirhugað efnistökusvæði, en er ekki áberandi. Einnig má búast við að flestir gestir fyrirtækisins njóti svæðisins eftir myrkur.
Náttúruverndarstofnun	Náttúruverndarstofnun telur jákvætt að til standi að nýta staðargróður við uppgræðslu á svæðinu. Stofnunin bendir á að fræ lúpínu geta leynst í umframjarðvegi sem til stendur að haugsetja á börmum efnistökusvæðisins og síðar nýtt við frágang á svæðinu. Hætta er þá á að lúpína dreifist um uppgræðslusvæðið nema sé jarðvegur af lúpínusvæðinu nýttur í frágang á yfirborði.	Á svæðinu eru lúpínubreiður þegar með talsverða útbreiðslu. Miðað við eldri loftmyndir er hún að auka útbreiðslu sína nokkuð hratt yfir rýr gróðurhverfi á svæðinu líkt og mosamelavist. Námugróftur mun, a.m.k. tímabundið, líklega minnka flatarmál lúpínubreiða á svæðinu. Rétt er að hætta er á að lúpínufræ geti geymt lengi í jarðvegi og geti dreift sér á ný þegar jarðvegur af svæðinu er nýttur í frágang. Hvort sá dreifingarhraði verði meiri eða minni en sá sem þegar á sér stað á svæðinu er erfitt að meta. Í umhverfismatsskýrslu er gert ráð fyrir að uppgræðsla verði einskorðuð við tegundir sem falla undir skilgreininguna „íslenskur gróður“ eða „náttúrulegur gróður“. Lykilatriði er að ná að loka vel jarðvegsyfirboði sem fyrst og nýta gróður sem er fær um að mynda samfellda þekju, eða getur keppt við lúpínu ef hún haslar sér völl. Má þar nefna t.d. ilmbirki sem þrífst ágætlega í samkeppni við lúpínu, sér í lagi ef það fær nokkurra ára forskot, og getur með tímanum skyggt lúpínuna út ef nægur krónupéttleiki næst.
Náttúruverndarstofnun	Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að námureksturinn hamli ekki umferð gangandi um svæðið. Samkvæmt korti í umhverfismatsskýrslunni mun efnistökusvæðið skera í sundur gönguleiðir sem liggja um svæðið og jaðra þess. Ekki kemur fram hvort um sé að ræða stikaðar/greinilegar gönguleiðir eða hvort um sé að ræða leiðir sem eru hnitsettir. Koma þyrfti fram hvernig tryggt verði að göngufólk geti áfram nýtt leiðirnar með öruggum hætti og færa þær út fyrir efnistökusvæðið.	Ákveðið er að breyta afmörkun og draga úr umfangi fyrirhugaðs efnistökusvæðis til suðausturs, með það að leiðarljósi að hlífa Dalaleið fyrir raski. Skráð lega leiðarinnar ætti því ekki að breytast. Dalaleið liggur sunnan við Undirhlíðar, frá Kaldárseli suður að Gvendarselshæð, yfir Leiðarendaveg og suður að bæjarmörkum Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Leiðin er áberandi og hún er stíkuð. Sótt verður um leyfi til Minjastofnunar Íslands til þess að framkvæma innan friðhelgunarsvæðis fornleifa.
Náttúruverndarstofnun	Samkvæmt auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 520/1975 um friðlýsingu Reykjanesfólkvangs er allt jarðrask bannað innan fólkvangsins nema leyfi Náttúruverndarstofnunar komi til. Stofnunin tekur fram að umsögn þessi jafngildi ekki leyfi til framkvæmda og þarf að sækja um það sérstaklega til	Sótt verður um tilskilin leyfi til Náttúruverndarstofnunar.

	stofnunarinnar bæði vegna alls jarðrasks sem tengist námurekstrinum og færslu á Leiðarendavegi.	
Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.	Fyrirhugað efnistökusvæði og aðkomuvegir næst námunni er að mestu leyti staðsett innan fjarsvæði vatnsverndar. Fjarsvæði vatnsverndar er aðalákomusvæði fyrir grunnvatnsstrauma sem liggja að núverandi vatnbólum og framtíðarvatnsbólum. Þannig er vatnsból Vatnsveitu Hafnarfjarðar staðsett í sigdal í Kaldárbotnum sem eru einungis í 3 km fjarlægð frá fyrirhuguðu efnistökusvæði, sem liggur á sama sigdal. Fyrirhugað framtíðarvatnsból Hafnfirðinga er í um 3,5 km fjarlægð sunnan við efnistökusvæðið, þ.e. í Fagradal. Til umfjöllunar hjá heilbrigðiseftirlitinu eru jafnframt starfsleyfi fyrir tilraunaboranir vegna varavatnsbóls í Undirhlíðum og er sú hola einungis um 1,5 km fjarlægð frá efnistökusvæðinu í Undirhlíðum. Ljóst er að endurmeta þarf vatnsverndarsvæði ef og þegar varavatnsból Hafnarfjarðar verður tekið í notkun í Fagradal eða við Undirhlíðar og líklegt að skilgreining vatnsverndarsvæða breytist með þeim hætti að grannsvæði vatnstökusvæðis í Fagradal stækki í átt að fyrirhuguðu efnistökusvæði og sama gildir um vatnsverndarsvæðið vegna vatnstöku við Undirhlíðar. Hugmyndir Vatnsveita Hafnarfjarðar sem fylgja umsókn (sem er í vinnslu hjá heilbrigðiseftirlitinu) um starfsleyfi fyrir borun á tveimur rannsóknarholur við Undirhlíðar, steinsnar frá fyrirhugaðri námusvæði er að með borun og prófun rannsóknarborholanna fari fram vatnafarsrannsókn sem miði að því að meta framtíðar vatnsöflunarmöguleika fyrir Hafnarfjörð við Undirhlíðar. Aflað verður upplýsinga um vatnafræði og jarðfræði svæðisins með það að markmiði að veita betri innsýn í eiginleika grunnvatnskerfisins og þá hvort svæðið við Undirhlíðar sé hentug staðsetning til vatnsöflunar til framtíðar. Að mati heilbrigðiseftirlitsins er mikilvægi vatnsnýtingar á svæðinu umtalsvert meiri en námuvinnsla til skamms tíma. Rannsóknir á svæðinu munu einnig veita nýjar upplýsingar um grunnvatnskerfið, sem skýsamlegt er að bíða eftir áður en farið verður í framkvæmdir og leyfð efnistaka á svæðinu.	Ekki er talin hætt á að mengun geti borist í Kaldárbotna þar sem þaðan rennur grunnvatnsstraumur úr gagnstæðri átt miðað við efnistökusvæðið, úr norðaustri-austri, áður en hann sveigir í átt að Straumsvík. Talið er útilokað að mengun geti dreifst með grunnvatnsstraumum suður í átt að fyrirhuguðu framtíðarvatnsbóli í Fagradal, í um 3,5 km fjarlægð frá efnistökusvæðinu. Stefna grunnvatnsstraums er í átt frá því svæði og fer undir Undirhlíðar á leið sinni niður í Straumsvík. Auk þess er talið að vatnfræðilegir eiginleikar móbergs undir fyrirhuguðu efnistökusvæði og vegi og lítil lekt minnki líkur á dreifingu mengunar ef til mengunarslyss kemur. Talið er að svæði sé viðkvæmt gagnvart mengunarslysi ef vegalengd frá yfirborði að reiknuðu grunnvatnsborði er undir 10 m. Í borskýrslu fyrir rannsóknarholu U-2 í Undirhlíðum, sem er í um 700 m fjarlægð frá norðvestur mörkum fyrirhugaðs efnistökusvæðis, kemur fram að dýpi niður á grunnvatnsborð sé um 34 m. Skoðað verður í samráði við leyfisveitendur að setja skilyrði um að dýpt efnistöku fari ekki neðar en 10 m ofan við staðfest grunnvatnsborð og/ eða gera aðrar ráðstafanir til lágmarka áhættu ef farið er svo neðarlega. Mögulegir mengunarvaldar er fyrst og fremst olía á tækjum og búnaði. Magn olíu á hverju tæki takmarkast við það sem kemst í olíutank tækis (oftast um 400-500 l) og glussaolíu (oft 100 – 200 l). Ef slys verða er ólíklegt að leki verði úr fleiri en einu tæki, en líklegt er að olía verði flutt á svæðið til áfyllingar á tæki í meira magni. Ýmsar áhættuminnkandi aðgerðir eru lagðar til í umhverfismatsskýrslu til að draga út mengunarhættu. Meðal annars stýring á umferð innan fyrirhugaðs efnistökusvæðis, olíuflutningur fylgi viðurkenndu verklagi, vinnutækjum lagt á öruggum svæðum sem geta gripið olíu og vökva, og vegslóðar lagðir með lokuðu yfirborði. Lágmarka skal magn olíuefna á svæðinu sem og nýta rafknúin vinnutæki og ökutæki eins og kostur er. Viðbragðsáætlun skal vera sett fram sem lýsir aðgerðum ef óhapp á sér stað. Áætlaður rekstrartími fyrirhugaðrar efnistöku er 20 ár, skipt í fjóra áfanga. Ef ákveðið verður að hefja aðra starfsemi á svæðinu innan þess tímabils þarf að framkvæma áhættumat fyrir hana sem tekur mið af efnistökunni.


Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.	Í lýsingu á misgengi á bls. 30 í skýrslunni er tilgreint um að misgengi sé rétt sunnan við fyrirhugað efnistökusvæði og liggur sprunga yfir nyrsta hluta þess. Á mynd 7.1, bls. 20 er sprunga þessi sýnd, án þess að heimilda fyrir myndinni sé getið. Staðsetning misgengisins ber hvorki saman við berggrunnskort Helga Torfasonar og Magnúsar Á. Sigurgeirssonar frá árinu 2002 (Brennisteinsfjöll, Berggrunnskort 1:50.000. Orkustofnun (ALD) og Náttúrufræðistofnun Íslands) né 1:100.000 berggrunnskort ÍSOR. Umrætt berggrunnskort er ekki getið í skýrslunni. Á bls. 30 segir: „<i>Stefna misgengis og sprungu er í suðaustur-norðaustur stefnu, nokkurn veginn þvert á grunnvatnsstrauminn sem stefnir í norðvestur. Líkurnar á þessu eru þó taldar litlar vegna talsverðrar vegalengdar að vatnsbólínu í Kaldárbotnum og að ekki er um samfellt og þétt sprungu- og misgengissvæði að ræða.</i>“ Mikilvægt er að getið sé heimilda þegar myndir eru sýndar. Þar sem misræmis gætir um misgengið og ófullnægjandi gögn tilgreind í skýrslunni þá þarf að gera ítarlegri grein fyrir umræddu misgengi m.t.t. áhættu á mengun grunnvatns.	Láðst hefur að merkja heimild inn í myndatexta. Gögnin sem nýtt voru við gerð myndar 7.1. á bls. 20 eiga uppruna sinn í kortagrunni Náttúrufræðistofnunar (https://kort.gis.is/). Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar eru gögnin tekin saman af Hauki Jóhannessyni og Kristjáni Sæmundssyni. Kortið var skjáhnitað 1997. Stuðst var við upplýsingar af berggrunnskorti 1:500.000 og jarðfræðikortum 1:250 000, blöð 1-3, 5-7 og 9. Útgáfan var endurskoðuð 2009 miðað við nýjustu upplýsingar um jarðfræði Íslands. Skekkjumörk kortsins eru +/- 500 m. Mælikvarði kortsins var upphaflega 1:500.000 en í útgáfu 2009 var mælikvarða breytt í 1:600.000 og sett sem 1. útgáfa. Gæði gagna eru þau sömu en útgáfa höggunarkortsins er eftirfarandi: 1. útgáfu 1998 og 1. útgáfa 2009 í mkv. 1:600.000. Kort úr kortagrunni Náttúrufræðistofnunar (mynd 3.3.) ber að mestu saman við berggrunnskortið frá ÍSOR 1:100.000 (mynd 3.2). Kortin sýna að misgengi liggur suðaustan við fyrirhugað efnistökusvæði, en misgengið liggur í suð-vestur til norð-austur stefnu. Munurinn á kortlagningunum er helst sá að á ÍSOR berggrunnskortinu eru fleiri minni misgengi skráð, en á kortinu frá N.Í. eru stuttar gossprungur skráðar á nokkrum stöðum, m.a. yfir norðurhluta fyrirhugaðs efnistökusvæðis. Á berggrunnskorti Helga Torfasonar og Magnúsar Á. Sigurgeirssonar (1:25000) frá 2001 (Mynd 3.1) er misgengi ekki skráð sunnan við svæðið, heldur hefst norð-austan við fyrirhugað efnistökusvæði. Niðurstaða samanburðar á þessum gögnum breytir ekki áhættumati eða mati á áhrifum á vatnshlot. Ekki er talið líklegt að möguleg mengun innan fyrirhugaðs efnistökusvæðis berist á móti grunnvatnsstraumi til Kaldárbotna, né að mögulegu vatnsbóli í Fagradal, þar sem stefna grunnvatnsstraums er í átt frá Fagradal og undir Undirhlíðar á leið sinni niður í Straumsvík. Ekki er þó hægt að útiloka að misgengin austan og sunnan við fyrirhugað efnistökusvæði geti borið mengun í suðvestur eða norðaustur ef slys á sér stað utan afmörkunar efnistökusvæðisins, suðaustan við misgengið.
--	---	--



Mynd 3.1. Berggrunns kortlagning Helga Torfasonar og Magnúsar Á. Sigurgeirssonar frá 2001 (1:25000) hnitsett ofan á loftmynd. Staðsetning fyrirhugaðs efnistökusvæðis sýnd.



Mynd 3.2. ÍSOR berggrunnskort (1:100.000). Staðsetning fyrirhugaðs efnistökusvæðis sýnd.



Mynd 3.3. Kortagögn sem nýtt voru við áhrifamat í umhverfismatsskýrslu og byggir á gögnum af kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Heilbrigðiseftirlit
Garðabæjar,
Hafnarfjarðar,

Til þess að hægt sé að meta áhættu frá efnistökusvæðinu á fullnægjandi hátt þyrftu að liggja fyrir dreifingarreikningar fyrir fulluppleyst og sérstaklega, torleyst mengunarefni (olíu) frá efnistökusvæðinu. Þessi áhætta myndi vera

Áhættumat umhverfismatsskýrslu er talið fullnægjandi vegna fyrirbyggjandi gagna, umfangs starfseminnar og að svæðið er ekki talið viðkvæmt fyrir mengun, bæði vegna móbergs undir fyrirhuguðu

Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.	metin út frá mögulegum áhrifum á vatnsból á áhrifasvæðinu, hvort sem þau eru í notkun eða fyrirhuguð. Vatnsból sem gætu verið á áhrifasvæði mengunarslyss, seytilandi eða viðburðar, eru Kaldárbotnar, Fagridalur, Undirhlíðar og vinnsluvatnsbólið í Straumsvík. Við dreifingarreikninga þyrfti að huga að misgengissprungum á svæðinu sem gætu ýtt undir dreifingu til bæði Kaldárbotna og fyrirhuguðu varavatnsbóli við Undirhlíðar.	efnistökusvæði sem hefur litla lekt, stefnu grunnvatnsstrauma og ekki er gert ráð fyrir því að fara nær grunnvatnsyfirborði en 10 m. Lagt er til í umhverfismatsskýrslu að grunnvatnshæð verði staðfest með borunum innan svæðisins áður en framkvæmdir hefjast. Áætlaður rekstartími fyrirhugaðrar efnistöku er 20 ár, skipt í fjóra áfanga. Ef ákveðið verður að hefja aðra starfsemi á svæðinu innan þess tímabils þarf að framkvæma áhættumat fyrir hana.
Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.	Ýmsar spurningar vakna varðandi áhrif framkvæmda og starfsemi frá fyrirhuguðu efnistökusvæði í Undirhlíðum á vatnshlotið Straumsvíkurstraum og þeirri fullyrðingu í skýrslunni að fyrirhugaðar framkvæmdir og rekstur efnistökusvæðis rýri ekki né hafi neikvæð áhrif á vatnsverndarsvæðið og vatnsból í grenndinni. Ef mótvægisáðgerðir sem nefndar eru í áhættumatinu duga ekki, t.d. vegna olfuslysa á svæðinu eða í ljós kemur að dreifing mengunar er með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í áhættumati, þá er ljóst að áhættan á að hefja námuvinnslu við Undirhlíðar er mikil og hætta á að umhverfismarkmið vatnshlotsins, Straumsvíkurstraumur, náist ekki.	Áhættumat og mat á áhrifum á vatnsvernd tekur mið af umfangi starfseminnar, að áhættuminnkandi áðgerðir verði viðhafðar og viðbragðsáætlun gagnavart mengunarhættu og óhöppum verði til staðar ef mengunaráhættu verður. Hvað grunnvatnshlotið Straumsvíkurstraum varðar þá er bent á að þrátt fyrir þekkt álag á grunnvatnshlotið, m.a. vegna iðnaðarstarfsemi á Völlum og gamla ruslahauga við Hamranes, austan Hvaleyrarvatns, var það ekki metið í hættu í álagsgreiningu á vegum Umhverfisstofnunar árin 2012-2013 og í endurskoðun hennar við undirbúning vatnaáætlunar Íslands 2022-2027. Þar vegur mest mikil þynning í grunnvatnshlotinu af völdum sterkra strauma í sjó fram og mikils vatnsmagns. Því er talið ólíklegt að námuvinnsla við Undirhlíðar geti skapað þá áhættu að umhverfismarkmið þess náist ekki.
Vegagerðin	Vegagerðin staðfestir að umferðaraukning á Krýsuvíkurvegi vegna framkvæmdarinnar verði hlutfallslega lítil, þar sem fyrir er töluverð þungaumferð á veginum. Umferð um Leiðarendaveg mun þó aukast verulega, þar sem núverandi umferð er mjög takmörkuð og vetrarþjónusta er ekki viðhöfð á veginum. Vegagerðin telur því nauðsynlegt að skoða mögulegar mótvægisáðgerðir til að tryggja umferðaröryggi á svæðinu.	Skoðaðar verða í samráði við Vegagerðina mögulegar mótvægisáðgerðir til að tryggja umferðaröryggi á svæðinu.
Vegagerðin	Í skýrslunni kemur fram að færa þurfi legu Leiðarendavegar til að tryggja betri efnisnýtingu og aukið öryggi. Slík framkvæmd er ekki hluti af gildandi áætlunum Vegagerðarinnar né eru slíkar framkvæmdir fjármagnaðar. Vegagerðin óskar því eftir frekara samtali við framkvæmdaðila til að ræða fram komnar tillögur.	Átt verður samtal við Vegagerðina varðandi legu Leiðarendavegar um svæðið.
Minjastofnun	Undirhlíðarvegur er í um 180 m fjarlægð frá útmörkum fyrirhugaðrar námu og varða nr. 2662-98 er í um 70 m fjarlægð. Þessar minjar eiga ekki að verða fyrir beinu raski en mikilvægt er að merkja minjar meðan á efnistöku og efnisflutningum stendur svo þeim verði ekki spilt í ógáti. Öðru máli gegnir um hinar tvær. Varða nr. 2662-96 er á miðju efnistökusvæðinu og er talið óhjákvæmilegt að raska henni ef til efnistöku kemur. Míngastofnun heimilar að varðan víki og teljast fyrirbyggjandi fornleifaskráningar fullnægjandi rannsókn.	Ákveðið er að breyta afmörkun og draga úr umfangi fyrirhugaðs efnistökusvæðis til suðausturs, með það að leiðarljósi að hlífa Dalaleið fyrir raski. Skráð lega leiðarinnar ætti því ekki að breytast vegna framkvæmdarinnar. Minjar verða merktar á meðan efnistaka og flutningur á sér stað.

	Varðandi Dalaleið (nr. 2662-77) segir að henni verði raskað að hluta miðað við hámarks efnistöku og að sótt verði um leyfi Minjastofnunar „ef til þess kemur“.	
Minjastofnun	Minjastofnun Íslands telur að það ætti að vera sérstakt kappsmál að þyrma Dalaleið og valda ekki rofi á henni. Þessar fornu þjóðleiðir eru vel þekktar og nýttar af útivistarfólki til að fara um svæðið. Þær gefa svæðinu sögulega dýpt og auka við landslags- og náttúruupplifun þeirra sem um svæðið fara. Þessar leiðir, Undirhlíðarvegur og Dalaleið, hafa því talsvert minjagildi. Á öðrum stöðum í matsskýrslunni er í raun tekið undir það. T.d. þar sem fjallað er um áhrif framkvæmdanna á landslag segir á bls. 38: „Landslag í kringum námuna hefur þó nokkuð gildi, t.a.m. vegna útivistar og fornleifa“ og að framkvæmdin „... getur einnig haft áhrif á menningarlandslag og dregið úr upplifunargildi svæðisins vegna áhrifa á götur og vörður sem vitna um fornar leiðir“.	Sjá fyrra svar varðandi Dalaleið.
Minjastofnun	Stofnunin telur matsskýrsluna greinargóða. Rétt er þó að undirstrika hér að gamlar götur og vörður hafa gildi sem minjaheildir, í raun langt út fyrir framkvæmdasvæði. Leiðir þessar eru vinsælar til göngu og útivistar. Þótt leitast verði við að græða upp og laga landið þegar náman fer úr notkun, þá verða fornleifar ekki endurheimtar. Minjastofnun hvetur til þess að fullt tillit verði tekið til Dalaleiðar við skipulag efnistöku á svæðinu. Að öðru leyti hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við matsskýrsluna.	Sjá fyrra svar varðandi Dalaleið.